

L Ö G

57

7. maí

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra
og aukatekjur m. fl.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Úr öðrum málslíð fyrri málsgreinar 6. gr. laganna falli niður orðin: „sem gerð er eftir beiðni eiganda“.

Síðari málsgrein 6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við ferðir til starfa þeirra, sem um getur í 2.—6. gr., skal greiddur eftir reikningi. Þó skal ekki greiða meira en kr. 0.35 í ferðakostnað fyrir hvers kílómetra vegalengd. Sé gjaldtaki búsettur í kaupstað, kaптúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður hans því aðeins, að hann þurfi að fara út úr þorpinu (kaupstaðnum, kaптúninu).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

58

7. maí

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verkvið land-
læknis og störf héraðslækna.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Í stað 2. töluliðar 1. greinar laganna komi tveir töluliðir, svo hljóðandi:

2. *Hafnarfjarðarhérað*: Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog. Læknissetur í Hafnarfirði.

3. *Álafosshérað*: Mosfellsahreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallahreppur. Læknissetur að Álafossi.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.